

Mynd frá golfferð lækna, tekin á East-Links golfvellinum í Skotlandi.

Læknagolf 2000

Golfmót sumarsins

1. **Delta-mótið – Hvaleyrarvöllur** föstudaginn 2. júní kl. 13:30. Höggleikur, 18 holur með og án forgjafar. Veitt verður full forgjöf (hámark 36). Leikið verður af gulum teigum. Konur leika af rauðum teigum.

2. **Stetho-mótið – Golfvöllur Oddfellowa** mánudaginn 26. júní kl. 15:00. Höggleikur, 18 holur með og án forgjafar. Leikið verður af gulum teigum nema konur sem leika af rauðum. Veitt verður full forgjöf eins og í opnum mótum (24). Styrktaraðili mótsins er Roche.

3. **Lögmannaslagur – Strandarvöllur Hellu** sunnudaginn 16. júlí kl. 11:00. Leikinn verður betri bolti með forgjöf. Að minnsta kosti 10 manna lið verða frá hvorum hópi. Reynt verður að ræsa öll holl út samtímis.

4. **Austurbakka-Ethicon-mótið – Leiruvöllur Keflavík** mánudaginn 31. júlí kl. 14:00-15:00. Höggleikur, 18 holur með og án forgjafar. Leikið verður af gulum teigum nema konur, sem leika af rauðum. Veitt verður full forgjöf eins og í opnum mótum (24). Reynt verður að ræsa út af að minnsta kosti tveimur teigum samtímis. Verðlaunaafhending og kvöldverður bíður að loknu móti í boði styrktaraðilans.

5. **Glaxo-mótið – Nesvöllur** föstudaginn 25. ágúst kl. 14:00. Leikfyrirkomulag er punktakeppni með fullri forgjöf (7/8). Leikið verður af gulum teigum nema konur, sem leika af rauðum.

Framkvæmdastjórnin



Stjórn FÍLÍS. Frá vinstri, Gunnar Mýrdal, Sif Ormarsdóttir gjaldkeri, Guðjón Kristjánsson formaður, María Gunnbjörnsdóttir og Sigríður Valtýsdóttir ritari.

Ný stjórn í Svíþjóð

Aðalfundur FÍLÍS var haldinn 2. desember 1999 á sænska læknaþinginu (Riksstämman). Ný stjórn var kosin til tveggja ára. Stjórnina skipa **Guðjón Kristjánsson** formaður, **Sif Ormarsdóttir** gjaldkeri, **Sigríður Valtýsdóttir** ritari, **María Gunnbjörnsdóttir** og **Gunnar Mýrdal** meðstjórnendur. Í félaginu eru nú um það bil 150 læknar.

Félagið hyggst á komandi árum standa fyrir kynningu á sérfræðinámi og doktorsnámi í Svíþjóð, þar sem miklar breytingar hafa orðið síðastliðin 10 ár og fleiri breytingar eru á döfinni. Vonandi getum við birt greinar um þetta seinna á árinu.

Þeir sem eiga erindi við félagið geta skrifað til Guðjóns Kristjánssonar, Medicinkliniken, Akademiska Sjukhuset, 75185 Uppsala, Svíþjóð, eða sent tölvupóst: *gudjon.kristjansson@medicin.uu.se* Félagið hefur einnig eigin heimasíðu með félagaskrá, tenglum, fréttum og fleiru. Veffang FÍLÍS: *http://hem.passagen.se/filis/*

*Frétt frá **F**élagi **Í**slenskra **L**ækna **Í S**víþjóð (**FÍLÍS**)*